

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-  
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skálabrekku í Þingvallasveit.*  
Svæðið er 36 ha að stærð og tekur til 24 frístundalóða á bilinu 5.900 – 22.700 m<sup>2</sup>, þar  
sem heimilt verður að reisa allt að 200 m<sup>2</sup> frístundahús og allt að 25 m<sup>2</sup> aukahús, með  
þeirri takmörkun þó að hámarksnýtingarhlutfall á lóðum er 0,03. Á lóð nr. 29 er  
heimilt að reisa sameiginlega geymslu fyrir svæðið.  
Jafnframt er gert ráð fyrir beitarhólfi og sameiginlegri hreinsistöð í stað rotþróa.  
Útivistarsvæði fyrir tennisvöll og leiksvæði er felld út.  
Samþykkt í sveitarstjórn 26. október 2006.  
Við gildistöku skipulagsins fellur úr gildi eldra deiliskipulag sem samþykkt var 10.  
janúar 2005.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Haukadals II, Bláskógabyggð.*  
Gert er ráð fyrir fjórum 0,5 ha frístundalóðum. Heimilt verður að reisa allt að 130 m<sup>2</sup>  
frístundahús og allt að 25 m<sup>2</sup> aukahús.  
Samþykkt 26. júní 2007.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingar-  
lög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 13. júlí 2007.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 16. júlí 2007